

## Fundargerð skólaráðs Akurskóla

**Fundur haldinn í Akurskóla Tjarnarbraut 12. desember 2018 klukkan 16:15-17:00**

Mættir: Gróa Axelsdóttir skólastjóri, Þormóður Logi Björnsson aðstoðarskólastjóri, Silja Konráðsdóttir og Elísabet Kjartansdóttir fulltrúar kennara. Ósk Benediksdóttir fulltrúi starfsfólks. Kristín Þóra Möller og Þórdís Kristinsdóttir fulltrúar foreldra. Guðmunda Lára Guðmundsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins boðaði forföll. Þórhildur Erna Arnardóttir og Diljá Sól fulltrúar nemanda.

### Dagskrá:

- 1.mál Niðurstöður skimana.**
- 2.mál Niðurstöður samræmdra prófa.**
- 3.mál Önnur mál.**

Skólastjóri setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

#### **1.mál. Niðurstöður skimana**

Gróa fór yfir niðurstöður lesfimi frá því í september sem komu ekki nógu vel út. Við erum með marga undir viðmiði 1. Við viljum fjölga þeim sem eru yfir viðmiði 1 og í viðmiðum 2 og 3. Næsta skimun verður í janúar og við erum búin að fara í átök á haustönn, erum að fara í eitt skref í einu átak og höfum rætt hvernig við getum aukið ánægju af lestri í starfsmannahópnum. Vonir standa til að þessi vina skili sér í janúar skimuninni.

Gróa sagði einnig frá skimunum í talnalykli og logos. Við erum komin með niðurstöður úr talnalykli í 6. bekk. Þar vantar einnig toppana og verið er að vinna að umbótaáætlun vegna þessa.

#### **2.mál. Niðurstöður samræmdra prófa**

Gróa fór yfir niðurstöður samræmdra könnunarprófa í 4. og 7. bekk. Niðurstöður í 4. bekk eru íslenska 25 og 27 í stærðfræði þar sem 30 er meðaltal. Eftir umræðu kennara vegna niðurstaðna var helsta niðurstaðan sú að þjálfar þurfi nemendur í þrautseigju og notkun spaldtölvu til að nemendur séu öruggari og reyni sitt besta á prófinu.

Umræðan á fundinum var í þá átt að prófin væru ekki lengur nothæf, þar sem kennarar fá ekki lengur niðurstöðurnar og ef ekki er hægt að vinna með þær, hver væri þá tilgangurinn með þessum prófum.

Gróa sagði frá því að við hefðum verið á svipuðu róli og aðrir skólar í Reykjanesbæ. Og að við værum oftast með lægri tölu í stærðfræði heldur en íslensku. Umræðan á fundinum snéri að því að það væri upplifun kennara og nemenda að áherslan væri frekar í stærðfræði. Ekki endilega

hjá skólanum, en hjá nemendum. Foreldrar upplifa að það sé stundum sé heimavinna í stærðfræði en aldrei í íslensku og hvort það megi gera meiri kröfur til sumra, það myndi kannski framkalla fleiri toppa.

7. bekkur var með 29 í íslensku og 31 í stærðfræði þar sem 30 er meðaltal. Við erum aðeins á niðurleið miðað við heildina þó niðurstöðurnar séu fínar. Við þurfum að athuga hvað við getum gert til að vera samkeppnishæf við aðra. Kennari bendir á að það skipti máli að gera kröfur og að við þurfum að kanna það hvort við séum að gera nægar kröfur til nemenda. Foreldri fagnar ipöddum en saknar þínu námsbóka. Henni finnst hún ekki hafa eins góða yfirsýn eins og var. Með ipöddum verða samskiptin og námið ekki eins sýnilegt foreldrum. Upplifunin er að fjarlægð milli heimilis og skóla sé að aukast vegna þessa. Við þurfum að kanna hvað við getum gert til að brúa þetta bil. Getum við gefið foreldrum meiri aðgang? Haldið fund þar sem farið er yfir hvernig nemendur vinna og hvað við ætlumst til af þeim? Það má líka kannski gera meiri kröfur á foreldra.

### 3.mál. Önnur mál

- a) Gróa er beðin um að ítreka að kennarar skrái heimanám nemenda og geri það tímanlega. Einnig hvort það sé möguleiki á því að hengja vikupistla líka inn í mentor.
- b) Gróa nefndi að það væri í boði fyrir nemendur í 5. bekk að fá nýja testamentið frá Gideon félaginu inn á sal einn eftirmiðdag. Eitt foreldri mótmælti þessu og benti viðkomandi að ræða við foreldrafélagið vegna þessa. Þórdís hefur ekki fengið þetta inn á borð foreldrafélagsins. En veit nú af þessu. Það stendur ekki til að breyta þessu né kirkjuheimsónum sem eru valkvæðar. Dalur er búin að fara í kirkju og Elísabet sagði frá því að þau hefðu sungið fjögur lög og að Brynja hefði farið yfir hvernig heimsumból hefði orðið til, notaleg og skemmtileg stund. Fundurinn er sammála um að þetta eigi að vera þannig. Ekki bænastund eða predikun.
- c) Stjórnendur hafa verið í kennslurýni hjá kennurum. Það hefur gengið vel og er að mestu leiti lokið fyrir utan einhver veikindi.
- d) Gróa segir frá því að að það sé búið að opna útboð vegna Stapaskóla. Eykt var með lægsta boð og það koma fréttir af því fljótlega. Skólastarf á að hefjast í fyrsta áfanga haustið 2020 sem er allt nema, frístund, leikskóli, íþróttahús og sundlaug. Það verður auglýst efir byggingarstjóra og skólastjóra sem fara að vinna í mars. Skólinn verður sjálfstæður Stapaskóli í kjölfarið á því. Laus skólastofa kemur næsta haust til að mæta fjölgun.
- e) Á döfinni fram að jólum er eftirfarandi: Lýðræðisfundur á morgun kl 10:00 hjá eldri nemendum þar sem ræddar verða skólareglur. Jólamatúr á föstudaginn hjá nemendum. 20. des eru svo litlu jólin og jólastund starfsmanna. Starfsmenn fá þá jólagjöf sem er keypt sameiginlega af starfsmannafélaginu og skólanum.

- f) Þórdís spurði út í persónuverndarlögin. Mega foreldrar koma í skólann. Gróa segir að svo sé. Það er samt gott að foreldrar gefi sig fram við skrifstofu og komi í heimsóknir í samráði við kennara.
- g) Diljá ræddi um hvort það væri hægt að gera betur í að tilkynna eyður vegna forfalla. Gróa kom með þá hugmynd að það væri upplýsingaskjór niðri og tóku fundarmenn vel í það.
- h) Þórdís vildi bóka það að hún og foreldrafélagið væri mjög ánægð með nemendaráðið og unglingar (alltaf boðin og búin til að aðstoða) í Akurskóla og það sem þau hafa verið að gera. Fundurinn tekur undir þetta.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.17.24.

Fundargerð þessa ritaði  
Þormóður Logi Björnsson  
Aðstoðarskólastjóri Akurskóla